

## Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar 1. sept. 1999

### Fundargerð

Á fundinn mættu: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Jón Kalmannsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Verkefni í vinnslu.
  - a. Sjálfræði aldraðra
  - b. Siðareglur Í.E. Greint frá því að þessu verkefni sé nú lokið og að Siðfræðistofnun fái um kr. 150.000 í sinn hlut fyrir verkefnið.
  - c. Rannsókn á friðhelgi einkalífs
  - d. Útgáfa afmælisrits
  - e. Útgáfa Amadors
3. Breytingar á reglugerð Siðfræðistofnunar. Rætt ýtarlega um hugsanlegar breytingar á reglugerð. Formanni stjórnar falið að ganga frá nýju uppkasti.
4. Lögð fram lausleg kostnaðaráætlun vegna hugsanlegrar þýðingar á Teologisk Ethik og rætt um möguleika á útgáfu.
5. Dagskrá haustsins:
  - a. Hugmyndir um málþing eða fyrirlestra
    - Fundur um greiningar á fósturskeiði í samvinnu við Siðaráð landlæknis. Stjórnin áleit þetta góða hugmynd.
    - Fyrirlestur Róberts H. Haraldssonar í október (?)
    - Aðrar hugmyndir. Rætt um möguleika á að halda ráðstefnu um siðfræðimenntun. Ákveðið að kanna málið nánar.
  - b. Rannsóknir
    - Erfðasiðfræði. Rætt um nauðsyn þess að auka rannsóknir á þessu sviði.
  - c. Hugsanlegt landssiðfræðiráð; aðild Siðfræðistofnunar
6. Fjárhagstaða Siðfræðistofnunar.
7. Ákveðið að semja ályktun vegna nýlegra breytinga á vísindasiðanefnd. Jóni Kalmanssyni falið að gera uppkast að slíkri ályktun.